

URRIÐAHOLT

UMGENGNISREGLUR Á BYGGINGARSTAÐ

Eftirfarandi umgengnisreglur eru settar fram af Garðabæ til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggingarframkvæmda.

Urriðavatn er perla svæðisins. Undirbúningsvinna og skipulag hefur miðað að því að tryggja gæði vatnsins og nærliggjandi náttúru. Öll mengun og óþarfa röskun er líkleg til að hafa neikvæð umhverfisáhrif og eru eftirfarandi umgengnisreglur liður í því að draga úr slíkum áhrifum á Urriðavatn og nágrenni þess, vegna framkvæmda í Urriðaholti.

UMHIRÐA OG FÖRGUN Á SPILLIEFNUM OG ÚRGANGI

- Öll urðun og brennsla úrgangs er bönnuð á svæðinu.
- Úrgangi sem fellur til á svæðinu, s.s. járn, timbri, plasti og pappa, skal komið í viðurkennda förgun.
- Byggingaraðili skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að hindra fok á úrgangi og lausamunum á svæðinu. Berist slíkur úrgangur út af byggingarsvæðinu skal byggingaraðili sjá til þess að hreinsun fari fram.
- Sýna skal fulla varúð við notkun allra efna sem geta borist í og valdið mengun á jarðvegi og/eða ofanvatni. Byggingaraðili skal tryggja að efni, sem geta valdið mengun eða orðið að spilliefnum, s.s. olíur og fúavarnar- eða málningarefni, séu geymd á öruggum stöðum. Umbúðum undan slíkum efnum skal komið í viðurkennda förgun.
- Úrgangur frá vinnubúðum, kaffiastöðu og/eða matsal skal þannig frá genginn að ekki sé hætt á foki eða að dýr komist í hann.

UMGENGNI UM OFANVATNSRÁSIR OG -LAUTIR MEÐFRAM GÖTUM OG Á OPNUM SVÆÐUM

- Í Urriðaholti er beitt sjálfbærum ofanvatnslausnum til að tryggja viðhald og gæði Urriðavatns. Ofanvatni er beint af ógegndræpum flötum í grónar ofanvatnarsír og lautir á yfirborði þar sem það getur sigið ofan í jarðveginn sem næst upptökum sínum. Við rennsli í gegnum jarðveg fer fram náttúruleg hreinsun ofanvatnsins áður en það berst til Urriðavatns.
- Sýna skal fulla varúð við alla umgengni og framkvæmdir, s.s. akstur bifreiða og vinnuvéla, í nágrenni ofanvatnarsíra og -lauta. Akstur yfir ofanvatnarsír getur valdið skemmdum á þeim sem dregur úr gegndræpi og annarri virkni ofanvatnskerfisins.

OLÍUÁFYLLINGAR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ OLÍUÓHÖPPUM

- Verði stærra olíuóhapp en byggingaraðili ræður við skal það tilkynnt í síma 112.
- Olíuáfyllingar á tæki og vélar skulu fara fram sem fjærst verndarsvæði Urriðavatns og helst utan framkvæmdasvæðisins, s.s. í starfsstöðvum viðkomandi fyrirtækja.
- Gæta skal ýtrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Notast skal við bestu fánlegu tækni, m.a. þar til gerðar hlífðarpönnur á vélar sem draga úr líkum á olíuóhoppum.
- Komi upp leki á umhverfisskæðlegum efnum, s.s. vélaolíu, glussa eða mótaolíu skal jarðvegurinn hreinsaður upp, heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn og menguðum jarðvegi fargað í samráði við það.
- Ekki er heimilt að hafa olíutanka á svæðinu nema að fengnu leyfi frá byggingarfulltrúa.

VIÐGERÐIR OG VIÐHALD Á TÆKJUM

- Tæki og vélar skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða á olíuverki eða þegar hætt er á mengun samfara viðgerðum.

FÖRGUN Á „STEYPUSLAMMI“

- Ekki er heimilt að losa steypuafganga úr steypubílum á svæðinu. Steypubílar sem þurfa að þvo rennur og tromlur skulu gera það á steypustöðvum viðkomandi fyrirtækis.